

Aðalfundur Foreldrafélags Flúðaskóla  
haldinn í Flúðaskóla 9. október 2017 kl. 21:00.

Mættir:

Stjórn félagsins; Sigríður Björk Marinósdóttir, Valný Guðmundsdóttir og Karl Hallgrímsson.  
Guðrún Pétursdóttir skólastjóri.

Aðrir fundarmenn:

Freyja Þorkelsdóttir, Íris Kristjánsdóttir, Heiða Snorradóttir, Jón Valgeirsson, Ásta Rún  
Jónsdóttir, Eva Ólafsdóttir og Elvar Gunnarsson.

Sigríður Björk er fundarstjóri og Karl ritar fundargerð

#### 1. Skýrsla stjórnar

Valný formaður félagsins flytur ársskýrsluna. Skýrslan er ekki aðeins skýrsla starfsársins frá síðasta aðalfundi, heldur nær hún frá byrjun ársins 2016.

#### 2. Fjárhagsreikningur

Sigríður Björk gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikningnum. Staðan nú er 283.623 kr. Fundurinn samþykkir rekstrarreikninginn.

#### 3. Kosning stjórnar

Stjórnin gefur kost á sér áfram. Fundurinn samþykkir þá tillögu. Varamenn stjórnar, Silke Leyk og Stefán Þorleifsson, gefa sömuleiðis kost á sér áfram og samþykkir fundurinn það líka. Fundurinn valdi Svölu Bjarnadóttur frá Fjalli til setu í skólaráði. Þar situr áfram Nína Farina sem kjörin var í fyrra til tveggja ára.

#### 4. Önnur mál

- a. Stungið upp á því að sjóður félagsins verði notaður.
- b. Lagt til að fá til okkar sýningu tveggja leikara sem mun vera í gangi þar sem stílað er inn á einelti og höfðar til miðstigs. Kannski er sýningin líka ætluð foreldrum. Stjórnin mun leita þessa sýningu uppi og kynna sér efni hennar og passi hún okkur og forvarnaráherslum skólans á þessu skólaári jafnfram athuga hvort mögulegt sé að kaupa þá sýningu hingað.
- c. Umræður um viðburð félagsins, öskudagsskemmtunina.
- d. Umræður um tekjustofninn, gæslu foreldra í félagsmiðstöðinni.
- e. Enn frekari umræður um viðburði, fyrirlestra eða fræðsluerindi til handa börnum og/eða foreldrum.

Fundi slitið kl. 21:35